

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 17. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
2.000 lítra og minni	6.831
2.001 – 4.000 lítra	7.905
4.001 – 6.000 lítra	9.422

Fyrir rotþrær stærri en 6.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 5.655 á rúmmetra við losun.

Purfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 50.000 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 300 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 111,6 í desember 2011.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1028/2010.

Borgarnesi, 28. desember 2011.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2012